

---

**Fundargerð 88. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**  
**Dagsetning: mánudagur 14. júní 2021 klukkan 12:00.**

Viðstaddir:

Sigríður Finsen (varamaður Bjargar Ágústsdóttur), Helga Guðmundsdóttir (á Teams), Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ragnheiður Arnardóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, og Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritaði fundargerð.

Sigurborg Kristín Hannesdóttir ráðgjafi var gestur á fundinum undir lið númer 5.

Í forföllum formanns setti Sigríður Finsen fund og bauð fundarmenn velkomna.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar**

Fundargerð samþykkt samhljóða og verður sett á netið.


**2. Skólahald haust 2021**

a. Innritun

- i. Undir venjulegum kringumstæðum værum við komin langt í innritun en hún hefur tafist vegna ýmissa mála í tengslum við persónuvernd. Það er óskandi að þessi vinna geti farið af stað í dag eða á morgun.
- ii. Í dag eru skráðir 77 staðnemendur í skólann á næstu önn. Það er þó ekki víst að allir skili sér. Af þessum nemendum eru 6 á starfsbraut, 16 á náttúru- og raunvísindabraut, 12 á íþróttabraut, 32 á félags- og hugvísindabraut, 7 á opinni braut, 2 á nýsköpunar- og frumkvöðlabraut og 2 á framhaldsskólabraut 2.
- iii. 48 nemendur eru nú þegar skráðir í fjarnám á næstu önn, í samtals 630 einingar sem eru ígildi 19 nemendur í fullu námi. Á vorönn voru nemendur 79, skráðir í 925 einingar sem eru ígildi 28 nemenda í fullu námi. Skráning fjarnema fer yfirleitt ekki á fullt fyrir en í ágúst.

b. Starfsmannamál

- i. Una Ýr Jörundsdóttir verður ekki við kennslu á haustönn.
- ii. Sigríður Guðbjörg Arnardóttir deildarstjóri er að fara í námsleyfi í eitt ár og verður Hafrún deildarstjóri brautarinnar.
- iii. Eydís Þórsdóttir sem verið hefur deildarstjóri á Patreksfirði hefur sagt starfi sínu lausu og því þarf að ráða annan starfsmann þar.
- iv. Jakob Bragi Hannesson kemur úr námsleyfi í haust. Þeir kennarar sem hafa verið að í námi til kennsluréttinda ljúka því í sumar.



- v. Rútuakstur – það er ekki ennþá orðið ljóst hvað verður á næstu önn en sveitarfélögin eru að skoða akstur strætó í tengslum við skólastarf og tómstundastarf. Það er hægt að framlengja núgildandi rútusamning um eitt ár ef þörf krefur.
  - vi. Það er ennþá óljóst hvernig málum verður háttað varðandi mötuneyti á næstu önn. Á vorönn gátu nemendur og starfsmenn keypt mat sem komið var með frá Kaffi 59.
- c. Niðurstaða náms á vorönn 2021
- Sólrún sagði frá því að hún hafi rétt aðeins byrjað að rýna í námsárangur nemenda á vorönn en hún er ekki búin að rýna nógu vel í þær niðurstöður til að setja eitthvað á blað.

### 3. Skólanámskrá

Hrafnhildur sagði frá drögum að skólanámskrá sem hún sendi fundarmönnum í aðdraganda fundar. Skólanefnd mun fá námskrána senda þegar hún verður fullbúin.

### 4. Dagskrá skólanefndarfunda

Hrafnhildur sendi fundarmönnum drög að dagskrá skólanefndarfunda á næsta skólaári. Sigríður stingur upp á því að nánari útfærsla á dagatalinu verði ákveðin á næsta fundi skólanefndar þar sem formaður er forfallaður í dag.

### 5. Vinna á starfsdögum í maí

Hrafnhildur rifjar upp hvernig starfsdögum í vor var háttað og bíður Sigurborgu velkomna á fundinn til að fara yfir þá vinnu sem fram fór.

Sigurborg byrjar á því að fara yfir þá vinnu sem átti sér stað í aðdraganda vinnudaganna. Hún fundaði með gæðaráði og skólameistara og aðstoðarskólameistara og lagði síðan upp að vinnan yrði þannig að fyrst þyrftum við að finna gildi okkar og leiðarljós og í framhaldinu færi fram eftirfylgni og útfærsla á henni. Þegar það er komið förum við í eitthvað sem kalla má yfirsýn og felst í því að þetta flæði yfir í aðrar stefnur hjá okkur.

Sigurborg vill hrósa skólastjórnendum fyrir að þora að fara þessa leið sem bar fólk alveg að mörkum þægindarammans.

Við byrjuðum á því að heyra söguna á bak við nafn þátttakenda og dönsuðum svo indíánadans sem vakti mikla lukku. Markmiðið var að segja sögur og var það algjör snilld hvernig hópurinn vann enda starfsfólk FSN algjörlega til fyrirmyndar.

Sumum fannst vinnan ekki þægileg en viðurkenndu að hafa haft gott af henni.

Út úr sögunum komu þræðir sem voru gegnum gangandi í gegnum allt.

Sigurborg stingur upp á þremur orðum sem endurspeglir það sem skólinn stendur fyrir en það eru orðin Lífur – Lærum – Leikum enda voru þetta allt orð sem tengjast sögum starfsmanna.

Hvað gerist svo:

Við ætlum að tala við nemendur. Það er búið að ákveða að nota þessi þrjú orð en það er ekki búið að gera þau opinber og það á eftir að ákveða hvernig samtalið við nemendur fer fram.



Undir leiðarljós á að koma á hvaða sviði FSN ætlar að vera framsækinn á á einhverju ákveðnu áratímabili. Sigurborg stingur upp á því að fyrsta leiðarljósið myndi tengjast fyrsta orðinu Lífum.

Undir orðunum þremur kæmu svo fram nokkur atriði sem yrðu til eftirfylgni og væri gott að vinna það í samvinnu við nemendur og starfsfólk.

## 6. Haustfundur dagsettur

Stungið upp á þriðjudeginum 14. september kl. 16:30

## 7. Önnur mál

- a. Ragnheiður Arnarsdóttir fráfarandi forseti NFSN sagði frá því að kosningar í vor hefðu ekki gengið nógu vel. Heiðrún Edda Pálsdóttir var þó kosin næsti forseti félagsins en aðrar kosningar fara fram í haust.
- b. Hrafnhildur segir frá því að hún hafi fengið boð um að sitja í vinnuhópi í tengslum við nýja menntastefnu til 2030. Hún situr í hópnum fyrir hönd SMÍ. Markmið nýrrar menntastefnu er að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli. Því eru leiðarljós hennar: þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja.

### Stoðir stefnunnar eru:

- Jöfn tækifæri fyrir alla
- Kennsla í fremstu röð
- Hæfni fyrir framtíðina
- Vellíðan í öndvegi
- Gæði í forgrunni

Fleira ekki gert og fundið slitið klukkan 13:18.